

Gjaldskrá

Hitaveita Dalvíkur.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir frá og með 1. janúar 2019 fyrir orkuveitusvæði Hitaveitu Dalvíkur. Öll verð í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts og orkusatts.

2. gr.

Viðmiðunarhitastig gjaldskrár er 25°C.

Gjöld fyrir afnot af hitaveituvatninu eru sem hér segir:

- | | | | | |
|----|--|-----|---------|----------|
| a) | Orkugjald skv. orkumæli | kr. | 2,58 | pr. kwst |
| b) | Orkugjald skv. orkumæli sundlaugar | kr. | 1,03 | pr. kwst |
| c) | Lokunargjald | kr. | 7.370,- | |

Þeir viðskiptavinir Hitaveitu Dalvíkur sem nota meira 1.006.000 kwst. á ári er veittur er 30% afsláttur af gjaldskrá.

3. gr.

Viðskiptavinir skulu greiða fast gjald í formi mælaleigu, gjaldið er daggjald og er breytilegt eftir stærð mæla. Mælaleigan er sem hér segir:

Stærð mælis	Mælagjald í kr. á dag
15 mm	35,28
20 mm	47,26
25 mm	70,39
40 mm	88,34
50 mm	110,58
65 mm	124,55
80 mm	140,57
100 mm	158,65

4. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Dalvíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m ³ að utanmáli og heimæð allt að 50 m.....	kr.	336.783,60 ,-
og á m ³ þar yfir.....	kr.	423,60 ,-
og á m fram yfir 50 m	kr.	7.370,-

Rúmmál húsa miðast við stærðir samkvæmt reglum um skráningu fasteigna hjá Þjóðskrá Íslands. Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður tengt hitaveitunni eða ekki.

Heimæðagjald hitaveitu fyrir útihús tengdum landbúnaði skal vera með eftirfarandi hætti:

- | | | | |
|----|---|-----|---------------|
| a. | Mjólkurhús/fjós greiðir lámarksgjald. | kr. | 336.783,60 ,- |
| b. | Fyrir hesthús að 700 m ³ skal greiða lámarksgjald. Aðilum er heimilt að sameinast um inntak. | | |

Ef um er að ræða lagnir í dreifða byggð eða samkvæmt sérsamningi er vísað til 19. gr, reglugerðar fyrir Hitaveitu Dalvíkur. Gjald þetta skal þó aldrei vera lægra en nemur lágmarks heimæðagjaldi hitaveitunnar.

5. gr.

Heimæðagjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í september 2018 , 139,9 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta heimæðagjöldum þessum í samræmi við breytingu á nefndri vísitölu.

6. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 10 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilunum veldur, hverju sinni kr. 6.584 ,-.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Hitaveitu Dalvíkur nr. 156/ 7. febrúar 2017 með áorðnum breytingum.

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið
Samþykkt af sveitarstjórn 18. desember 2018